

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fjallabyggð.

Deiliskipulag Snorragötu, Siglufirði – Snorragata 2-6.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 25. janúar 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi Snorragötu á Siglufirði. Breytingin felur í sér að stofna lóð undir spennistöð á milli Snorragötu 4 og 6. Nýja lóðin er 35 fm að stærð og fær staðfangið Snorragata 4A. Aðkoma að lóðinni er frá bílastæðalóð við Snorragötu 4. Einnig eru lóðarmörk við Snorragötu 2, 4, 6 og 6A lagfærð svo hús og bílastæði séu innan lóðarmarka. Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 29. janúar 2024.

Íris Stefánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 12. febrúar 2024